

7. Fundur framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja, haldinn föstudaginn 7. september 2007 kl. 10:00, í Árnosi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Elliði Vignisson, Hörður Sigurgestsson, og Jóna Sigurbjartsdóttir. Berglind Hallgrímsdóttir frá Impru boðaði forföll og Snorri Finnlaugsson tilkynnti um áætlaða seinkun sína á fundinn. Elvar K. Valsson starfsmaður Impru, hefur sagt sig úr framkvæmdaráði, þar sem hann hefur skipt um starfsvettvang.

Einnig mætt:

Róbert Jónsson, Steingerður Hreinsdóttir og Hrafn Sævaldsson frá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands

1. Setning fundar. Formaður framkvæmdaráðs setti fundinn.

2. Staða í Vaxtarsamningi:

Róbert kynnti yfirlit um fjárframlög og ráðstöfun fjár 7. september 2007. Úthlutað hefur verið 37,7 mkr. á árinu 2007 og 4,0 mkr. á árinu 2008. Samtals 41,7 mkr. 15 Verkefni hafa verið styrkt, 3 hefur verið hafnað og fjöldi verkefna er í vinnslu á öllu Suðurlandi.

3. Verkefni til umsóknar:

1. DexiGlass (Lesgleraugu fyrir lesblinda): Verkefnið felst í því að rannsaka og þróa tækniúnað sem auðveldar einstaklingum með dyslexíu að lesa og skilja ritað mál. Sótt er um 3,0 mkr. Framkvæmdaráð hafnar umsókninni, þar sem verkefnið fellur ekki að markmiðum VSSV, m.a. að því leyti sem lýtur að eflingu atvinnulífs á Suðurlandi.

2. Fögur er hlíðin – ferðast um fljótshlíð: Atvinnu- og ferðaþjónustuklassi í Fljótshlíð. Verkefnið er samstarfsverkefni ferðaþjónustuaðila og annarra atvinnurekenda í Fljótshlíðinni. Sótt er um 1,5 mkr. Framkvæmdaráð samþykkir stuðning við verkefnið upp á 1,0 mkr. og beinir þeim tilmælum til forsvarsmanna verkefnisins að fleiri samstarfsaðilar þurfi að koma að verkefninu til að tryggja árangur klasans í samráði við framkvæmdaraðila VSSV, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands.

3. Ungmenna- og tómstundabúðir á Skógum: Markmið verkefnisins er að koma á fót ungmenna- og tómstundabúðum á Skógum undir Eyjafjöllum, sem ætlaðar verða grunnskólanemum. Sótt er um 3.140.000 kr. Framkvæmdaráð lýsir yfir áhuga á verkefninu en tekur ekki ákvörðun um fjárstuðning við verkefnið að svo stöddu. Ástæðan er m.a. lítil aðkoma einkaaðila að verkefninu. Framkvæmdaráð beinir þeim tilmælum til forsvarsmanna verkefnisins að fleiri samstarfsaðilar þurfi að koma að verkefninu til að tryggja árangur klasans í samráði við framkvæmdaraðila VSSV, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands.

4. HH Suðurland og klasatorg:

Steingerður kynnti kynningarbækling um Suðurland sem verkefnishópurinn, HH Suðurland hefur unnið, en VSSV studdi verkefnið. Einnig var fyrirhugað klasatorg á meðal atvinnuþróunarfélöganna kynnt og tenging þess við 7. rammaáætlun ESB.

Snorri Finnlaugsson, kemur inn á fund.

5. Háskólafélag Suðurlands:

Verkefnisstjóri verkefnisstjórnar um háskólanám á Suðurlandi, Sveinn Aðalsteinsson, fór yfir stöðu verkefnisins, kynntu framtíðaráform fyrir það og svaraði spurningum framkvæmdaráðs.

6. Næsti fundur:

Næsti fundur framkvæmdaráðs er fyrirhugaður þann 27. september, kl. 12:00 á Hótel Rangá.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 12.15

Fundargerð ritaði Hrafn Sævaldsson

Friðrik Pálsson

Snorri Finnlaugsson

Elliði Vignisson

Hörður Sigurgestsson

Jóna Sigurbjartsdóttir

Róbert Jónsson

Steingerður Hreinsdóttir

Hrafn Sævaldsson